

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 3052/95/EB**frá 13. desember 1995****um að innleiða kerfi fyrir skipti á upplýsingum um innlendar ráðstafanir sem víkja frá meginreglunni um frjálsa vöruflutninga innan bandalagsins(*)****EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur í samræmi við 100. gr. b í sáttmálanum tekið saman skrá yfir innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli sem falla undir 100. gr. a í sáttmálanum og hafa ekki verið samræmd samkvæmt þeirri grein.

Af þessari skrá má sjá að tekist er á við flestar hindranir í viðskiptum með vörur, sem aðildarríkin hafa tilkynnt um, annaðhvort með ráðstöfunum sem eru gerðar samkvæmt ákvæðum 100. gr. a eða með dómsmeðferð samkvæmt 169. gr. sáttmálans hafi skuldbindingar samkvæmt ákvæðum 30. gr. ekki verið uppfylltar.

Með því að hafa innlendar ráðstafanir sem banna markaðssetningu tiltekinnna vara gagnsæjar getur orðið auðveldara að fást við vanda, sem kann að tefla frjálsum vöruflutningum í tvísýnu, með hraðvirkum hætti og á viðeigandi vettvangi, meðal annars með því að samræma slíkar ráðstafanir í tæka tíð eða aðlaga þær til samræmis við 30. gr. sáttmálans.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/97 frá 26. mars 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 18, 21. 1. 1994, bls. 13 og Stjtið. EB nr. C 200, 22. 7. 1994, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 195, 18. 7. 1994, bls. 6.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 1994 (Stjtið. EB nr. C 128, 9. 5. 1994, bls. 142), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. júní 1995 (Stjtið. EB nr. C 216, 21. 8. 1995, bls. 41) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 26. október 1995 (Stjtið. EB nr. C 308, 20. 11. 1995) og ákvörðun ráðsins frá 23. nóvember 1995.

Til þess að stuðla að slíku gagnsæi ber að ákveða einfalda og sveigjanlega aðferð sem gerir aðildarríkjunum kleift að skiptast á upplýsingum sín á milli og við framkvæmdastjórnina til að unnt verði að leysa vandkvæði sem upp kunna að koma í tengslum við starfrækslu hins sameiginlega markaðar á fullnægjandi hátt bæði fyrir fyrirtæki og neytendur.

Markmiðið með fyrrnefndri aðferð er fyrst og fremst að auka þekkingu á því með hvaða hætti frjálssir vöruflutningar fara fram á sviðum sem hafa ekki verið samræmd og að átta sig á vandkvæðum sem upp kunna að koma með það í huga að finna viðeigandi lausnir á þeim.

Aðferðin skal einungis taka til tilvika þar sem aðildarríki grípur til ráðstafana til að hindra frjálstan flutning eða markaðssetningu vara, sem eru framleiddar eða markaðssettar með löglegum hætti í öðru aðildarríki, á þeim forsendum að vörurnar samrýmist ekki lögum og reglum þess fyrrnefnda.

Einungis ráðstafanir sem eru til hindrunar fyrir tiltekna vörutegund eða -gerð skulu falla undir gildissvið þessarar ákvörðunar; ráðstafanir sem varða notaðar vörur sem vegna aldurs eða notkunar eru óhæfar til markaðssetningar eða til þess að vera áfram á markaði falla ekki undir gildissvið þessarar ákvörðunar.

Þá falla ráðstafanir sem einungis miða að því að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu ekki undir gildissvið þessarar ákvörðunar.

Öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni skal gefinn kostur á að bregðast við aðgerðum sem tilkynnt er um samkvæmt þessari ákvörðun.

Þessi málsmeðferð og málsmeðferð sem gildir um tilkynninga- og upplýsingaskyldu, sem aðrar reglur bandalagsins kveða á um, mega ekki skarast; þessar ólíku aðferðir ber að samræma með viðeigandi hætti.

Fyrirtæki, neytendur og aðrir aðilar sem hagsmuna eiga að gæta skulu hafa vitneskju um til hvers þeim beri að snúa sér innan framkvæmdastjórnarinnar og hjá stjórnvöldum einstakra aðildarríkja þegar vandkvæði koma upp varðandi frjálsa vöruflutninga.

Málsmeðferð sem er ákveðin til að hrinda ákvæðum þessarar ákvörðunar í framkvæmd skal ekki leiða til óþarfa nýs skrifræðis, en þess ber að gæta að raunverulegt jafnvægi sé milli þess að réttmætra hagsmuna aðildarríkjanna sé gætt og að frjálsum vöruflutningum sé viðhaldið innan bandalagsins.

Í þágu gagnsæis ber öllum hagsmunaaðilum að hafa aðgang að ítarlegum og uppfærðum upplýsingum um framkvæmd þessarar ákvörðunar.

Það hefur afgerandi þýðingu fyrir bandalagið að ryðja úr vegi hindrunum fyrir frjálsum vöruflutningum og til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt fyrir bandalagið að samþykkja ráðstafanir á þessu sviði. Þessi ráðstöfun er í greinilegu samræmi við hlutfallsregluna, jafnframt því að vera til viðbótar við dreifræðisregluna, enda er henni eingöngu ætlað að tryggja skilning á tilvikum þar sem líklegt má telja að beiting ósamræmdra innlendra reglna trufla eðlilega starfrækslu innri markaðarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Grípi aðildarríki til ráðstöfunar til að hindra frjálsa flutninga eða markaðssetningu tiltekinnar vörutegundar eða -gerðar, sem er framleidd eða markaðssett með löglegum hætti í öðru aðildarríki, ber því að tilkynna framkvæmdastjórninni um það ef bein eða óbein áhrif ráðstöfunarinnar felast í:

- almennu banni vörunnar,
- synjun um leyfi til að markaðssetja vöruna,
- því að breyta verður viðkomandi vörutegund eða -gerð áður en heimilt er að markaðssetja hana eða hafa áfram á markaði, eða
- því að varan er fjarlægð af markaðinum.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „breyting á vörutegund eða -gerð“: breyting á einum eða fleiri eiginleikum vörunnar eins og þeim er lýst í skilgreiningu á „tækniforskrift“ í 1. gr. tilskipunar 83/189/EBE ⁽¹⁾,
- „dómsúrskurður“: úrskurður kveðinn upp af dómsaðila sem hefur það hlutverk að dæma í málum,
- „ráðstöfun“: allar ráðstafanir aðrar en dómsúrskurður“.

3. gr.

1. Tilkynningarskyldan sem kveðið er á um í 1. gr. á við um ráðstafanir sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem til þess hafa umboð, grípa til að dómsúrskurðum undanskildum.

Ef gripið er til fleiri ráðstafana gagnvart tiltekinni vörutegund eða -gerð, sem eru samþykktar á sömu efnislegu forsendum og samkvæmt einni og sömu málsmeðferð, ber aðeins að tilkynna um fyrstu ráðstöfun sem gripið er til.

2. Ákvæði 1. gr. gilda ekki um:

- ráðstafanir sem einvörðungu er gripið til í samræmi við ráðstafanir bandalagsins á sviði samræmingar,
 - ráðstafanir sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um samkvæmt sérákvæðum,
 - drög að ráðstöfunum sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um samkvæmt sérákvæðum bandalagsins,
 - ráðstafanir sem eru til undirbúnings eða leiða til eiginlegra ráðstafana samkvæmt 1. gr., svo sem varúðarráðstafanir eða athuganir,
 - ráðstafanir sem einungis miða að því að vernda almennt siðgæði eða viðhalda allsherjarreglu,
 - ráðstafanir sem varða notaðar vörur sem vegna aldurs eða notkunar eru óhæfar til markaðssetningar eða til þess að vera áfram á markaði.
3. Sé máli, sem snertir hinar eiginlegu ráðstafanir sem um getur í 1. mgr., skotið til úrskurðar dómsvalda má það ekki undir neinum kringumstæðum leiða til frestunar á því að ákvæði 1. gr. komi til framkvæmda.

4. gr.

1. Tilkynningin sem um getur í 1. gr. skal vera nægilega ítarleg og útfærð á skýran og skiljanlegan hátt. Hún felst í því að senda:

- yfirlit þar sem fram koma þær upplýsingar sem taldar eru upp í viðaukanum, og
- afrit af upplýsingum um ráðstöfun sem yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 3. gr. hafa gripið til, eins og þær hafa verið birtar eða tilkynntar viðkomandi aðila.

Heimilt er að sleppa í afritinu upplýsingum sem ekki falla undir fyrirsagnirnar í yfirlitinu.

(¹) Tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/10/EB (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

2. Senda ber upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. innan 45 daga frá þeim degi sem gripið er til ráðstafananna sem um getur í 1. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda afrit af upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

1. Fylgi einn eða fleiri viðaukar ráðstöfun, sem tilkynna ber um samkvæmt þessari ákvörðun, skal aðeins senda stutta samantekt um innihald viðaukans eða viðaukana ásamt afritinu með upplýsingum um sjálfa ráðstöfunina.

2. Framkvæmdastjórnin eða hvaða aðildarríki sem er getur farið þess á leit við aðildarríkið, sem gripið hefur til ráðstöfunarinnar, að það láti viðaukana í samantektinni sem um getur í 1. mgr. óstytta í té innan eins mánaðar frá dagsetningu slíkrar beiðni eða aðrar upplýsingar um ráðstöfunina sem skipta máli.

3. Kveði innlend lög á um að rannsóknin skuli háð þagnarskyldu, ber ekki að senda upplýsingar sem falla ekki undir fyrirsagnirnar í yfirlitinu sem um getur í 1. mgr. 4. gr., nema að fenginni heimild lögbærs dómsyfirvalds, þar sem það á við.

6. gr.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að embættismenn þeirra og umboðsmenn láti ekki í té upplýsingar sem er aflað í tengslum við þessa ákvörðun, og þagnarskylda gildir um eðli þeirra samkvæmt, nema aðstæður krefjist þess að látnar séu í té upplýsingar um eiginleika tiltekinnar vöru, enda varði þær öryggi hennar, til að vernda megi heilsu og öryggi fólks.

7. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lögbært innlent yfirvald eða yfirvöld sem þau hafa tilnefnt til að senda eða taka á móti upplýsingunum sem um getur í þessari ákvörðun. Framkvæmdastjórnin skal senda þessar upplýsingar áfram til hinna aðildarríkjanna án tafar.

Aðildarríkin skulu leitast við að koma sér upp tengiliði, sem getur verið það lögbæra innlenda yfirvald eða yfirvöld sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar, eða netkerfi tengiliða sem þjóni hlutverki fyrsta tilvísunarstaðar sem tekur við öllum fyrirsögnunum um forsendur þess að innlendar reglur annarra aðildarríkja eru ekki viðurkenndar og um almenna framkvæmd þessarar ákvörðunar.

8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal leitast við að samræma afstöðu sína varðandi öll mál sem upp koma í tengslum við beitingu þessarar ákvörðunar, meðal annars leitast við að samræma málsmeðferð vegna tilkynninga og upplýsingamiðlunar, kærur vegna einstakra hindrana í vegi frjálsra vöruflutninga og almenn vandkvæði í tengslum við gagnkvæma viðurkenningu.

2. Framkvæmdastjórnin skal jafnframt leitast við að tryggja að fyrirtæki, neytendur og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta hafi vitneskju um til hvers þeim beri að snúa sér þegar vandkvæði koma upp.

9. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, að teknu tilliti til þagnarskyldu og með fyrirvara um óafgreidd mál, miðla upplýsingum innan bandalagsins um innlendar ráðstafanir sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt þessari ákvörðun og hafa áhrif með tilliti til meginreglunnar um frjálsa vöruflutninga á sviðum þar sem samræming hefur ekki farið fram. Hún skal og miðla upplýsingum um framhaldsaðgerðir sem hafa verið ákveðnar.

Taka ber saman yfirlit um innlendar ráðstafanir, sem tilkynnt hefur verið um, í viðauka við ársskýrslu um hinn innri markað.

10. gr.

Að því er varðar framkvæmd þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar fastanefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 83/189/EBE. Hún skal reglulega veita nefndinni upplýsingar um framgang þeirrar málsmeðferðar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun og þeirra ráðstafana sem aðildarríkin hafa tilkynnt um.

Framkvæmdastjórninni ber einnig, þar sem það á við, að veita sérnefndunum, sem komið var á fót samkvæmt sérákvæðum bandalagsins, upplýsingar.

11. gr.

Innan tveggja ára frá því að ákvörðun þessi kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hvernig til hefur tekist með framkvæmd hennar og leggja fram þær breytingartillögur sem hún telur viðeigandi. Vegna undirbúnings skýrslunnar skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem máli skipta um hvernig til hefur tekist um framkvæmd ákvæða hennar.

Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin einnig fjalla um það hvort nægilegt samræmi sé á milli tilkynninga samkvæmt þessari ákvörðun og tilkynninga samkvæmt öðrum löggæringum bandalagsins.

12. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Innan sex mánaða frá birtingardegi skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hafa gripið til í því augnamiði að hrinda ákvæðum þessarar ákvörðunar í framkvæmd.

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. janúar 1997.

13. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 1995.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.L. DICENTA BALLESTER

forseti.

VIÐAUKI

TILHÖGUN UPPLÝSINGASKIPTA

um innlendar ráðstafanir sem víkja frá meginreglunni um frjálsa vöruflutninga innan bandalagsins

(Ákvörðun nr. 3052/95/EB)

1. *Tilkynningarríki*

Tilgreina skal nafn og heimilisfang þess einstaklings sem veitir nánari upplýsingar.

2. *Dagsetning tilkynningar*

3. *Vörutegund eða -gerð*

Gefa skal nákvæma lýsingu á viðkomandi vörutegund eða -gerð.

4. *Ráðstafanir sem gripið er til*

5. *Helstu ástæður*

- Tilgreina skal til hvaða almennu hagsmuna er skírskotað til að réttlæta ráðstafanirnar sem gripið er til.
- Vitna skal til þeirra innlendu reglna sem talið er að viðkomandi vara samræmist ekki.
- Tilgreina skal að hvaða leyti þær innlendu reglur eða önnur skilyrði, sem viðkomandi vara er framleidd eða markaðssett eftir í öðru aðildarríki, tryggi ekki þá almennu hagsmunum sem um ræðir með jafngóðum hætti.